

Skólaárið 2020-2021

Forvarna- og samskiptaáætlun Flóaskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Ábyrgð	4
1.1 Ábyrgð starfsfólks	4
1.2 Ábyrgð nemenda	4
1.3 Ábyrgð foreldra/forsjáraðila	5
2 Forvarnir og lífsleikni	6
2.1 Forvarnarstefna	6
2.2 Skólahjúkrunarfræðingur	7
2.2 Uppeldi til ábyrgðar- uppbyggingarstefnan (UTÁ)	8
2.3 Tengslakannanir og Skólapúlsinn	8
2.4 Lífsleikni	9
2.5 Velferðarteymi	9
3 Skólareglur	9
4 Samskiptavandi	11
4.1 Skilgreining	11
4.2 Verkferill	11
5 Einelti	12
5.1 Skilgreining	12
5.2 Forvarnir	12
5.3 Verkferill	13
5.4 Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum	13
Heimildaskrá	14
8 Viðaukar	15

Inngangur

Í Flóaskóla eru velferð og líðan nemenda sett í forgrunn. Unnið er markvisst með forvarnir og lífsleikni sem er mikilvægur liður í að koma á góðum skólabrag. Við skólann er jafnframt starfrækt svokallað velferðarteymi sem mótar stefnu skólans í velferð og líðan nemenda. Þá er rík áhersla lögð á gott samstarf milli heimilis og skóla og er mikilvægt að allir í skólasamfélaginu átti sig á sinni ábyrgð í þessu samhengi, starfsfólk, nemendur og foreldrar.

Í samskiptaáætlun Flóaskóla verður farið yfir þætti sem unnið er markvisst með í Flóaskóla og er ætlað að stuðla að góðum skólabrag og líðan nemenda í skólanum. Hér á eftir er fyrst fjallað um ábyrgð allra aðila í skólasamfélaginu. Þar á eftir eru kynnt stefna og áætlanir um forvarnir og lífsleikni og farið yfir skólareglur. Þar næst er fjallað um viðbrögð við samskiptavanda, einelti skilgreint og áætlanir og viðbrögð skólans ef upp koma mál þar sem grunur er um einelti eða staðfest einelti í skólanum.

1 Ábyrgð

Skólinn er vinnustaður nemenda og starfsfólks og því eiga sér stað, eðli málsins samkvæmt, mikil samskipti innan vinnustaðarinnar á hverjum degi. Einnig á starfsfólk í miklum samskiptum við foreldra/forsjáraðila nemenda sinna. Það er því mikilvægt að hver og einn sem kemur að skólasamfélaginu átti sig á sinni ábyrgð í þessu samhengi. Í *reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum* (2011), er fjallað um ábyrgð starfsfólks, nemenda og foreldra/forsjáraðila í þessu samhengi. Hér á eftir verður farið yfir helstu atriði sem tilgreind eru í áður nefndri reglugerð.

1.1 Ábyrgð starfsfólks

Starfsfólk skóla ber að hafa velferð nemenda í forgrunni. Það skal tryggja nemendum sínum öryggi, vellíðan og vinnufrið eftir fremsta megni. Starfsfólk skal einnig stuðla að jákvæðum skólabrag, starfsanda og góðri umgengi í skólastarfinu öllu. Því ber að sýna nemendum sínum, foreldrum/forsjáraðilum þeirra og samstarfsfólki, nærgætni og virðingu í framkomu sinni. Þá skal starfsfólk gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Stjórnendur skóla skulu vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra/forsjáraðila um líðan, hegðun og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á því að upplýsa foreldra/forsjáraðila reglulega um skóla- og bekkjarbrag og leitast við að eiga uppbyggjandi samstarf við foreldra/forsjáraðila um hvorutveggja. Þá ber starfsfólki skóla að taka afstöðu gegn öllu ofbeldi hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt, kynferðislegt eða félagslegt ofbeldi. Stjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemandar í öllu starfi á vegum skóla.

1.2 Ábyrgð nemenda

Nemendur bera ábyrgð á námi sínu, framkomu, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla. Þar með talin rafræn samskipti og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Þá eiga nemendur rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í þeim málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Nemendur skulu einnig hlíta fyrir mælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir settum skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Nemendur skulu eiga kost á því að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra vegna brota á skólareglum.

1.3 Ábyrgð foreldra/forsjáraðila

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og bera því ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla. Foreldrum/forsjáraðilum ber að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Þá gæta foreldrar/forsjáraðilar einnig hagsmuna barna sinna og eiga að sjá til þess að þau ástundi nám sitt. Foreldrar/forsjáraðilar skulu líka fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrum/forsjáraðilum skal gert kleift að taka þátt í námi barna sinna, sem og skólastarfinu almennt að höfðu samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Þá skulu foreldrar/forsjáraðilar greina skólanum frá öllum þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun barna sinna. Til að mynda þætti líkt og vanlíðan barna, áföll sem kunna að hafa áhrif á skólagönguna, sem og ef breytingar verða á högum barna eða aðstæðum þeirra. Að lokum er ber foreldrum/forsjáraðilum að vinna í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðsluyfirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun barna og framkomu og finna viðeigandi lausn á málum í samstarfi við skólann.

2 Forvarnir og lífsleikni

Einn af grunnþáttum menntunnar er heilbrigði og velferð. Grunnskólum ber að vinna að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Margskonar forvarnarvinna fer fram í Flóaskóla sem eflir nemendur í samskiptum og stuðlar að forvörnum eins og tilgreint er í forvarnarstefnu skólans.

2.1 Forvarnarstefna

Markmið með forvörnum er að stuðla að góðri líðan nemenda, jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn og að vinna gegn óæskilegri hegðun með markvissri fræðslu um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta.

Markmið:

- að nemendur efli siðferðis þroska sinn og ábyrgð, geti greint vandamál og fundið eigin lausnir á þeim
- að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda svo þeir geti tekið afstöðu gegn vímuefnum og staðið á móti neikvæðum félagslegum þrýstingi og geri sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda í mótun lífstíls
- að nemendur þjálfist í að tjá og meta tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt og geti sett sér persónuleg markmið
- að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki og séu færir um að setja sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim og leiti sáttaleiða
- að nemendur styrkist í að vernda persónuleg og tilfinningaleg mörk sín.
- að nemendur temji sér jákvæð samskipti, umburðarlyndi, kurteisi og tillitssemi í samskiptum við aðra
- að hafa markvissa kennslu og þjálfun í lífsleikni og félagsfærni
- að vinna markvisst gegn einelti og annarri félagslegri útskúfun
- að fræða nemendur um skaðsemi vímuefna og mikilvægi hollra lífshátta
- að grunnskólinn sé vímuefnalaus, að nemendur neyti ekki tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna
- að fylgja lögum um tóbaksvarnir sem felur í sér að nemendum, starfsfólki, foreldrum og gestum er ekki heimilt að nota tóbak á skólasvæðinu
- að eiga öflugt samstarf við foreldra, félagsmiðstöð, heilsugæslu, lögreglu, skóla- og velferðarþjónustu og fræðslunefnd um samræmdar aðgerðir gegn neyslu vímuefna
- að öflugt félagsstarf sé starfrækt innan skólans

- að eiga náið samstarf við æskulýðs- og tómsfundanefnd Flóahrepps og Ungmennafélagið Þjótanda

Framkvæmd:

Flóaskóli vinnur eftir uppbyggingarstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“ (UTÁ). Nemendum er kennd sjálfsstjórn og sjálfsagi, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Nemendur eru þátttakendur í því að leysa vandamál sem upp koma. Starfsmenn skólans og foreldrar eru vakandi fyrir líðan og velferð nemenda. Ef grunur leikur á um einelti eða að staðfest er að það eigi sér stað er skýr stefna skólans að strax sé tekið á málinu. Unnið er að því að fyrirbyggja einelti með fræðslu fyrir nemendur og starfsfólk. Allir aðilar skólasamfélagsins deila ábyrgð, sýna virðingu og láta sig líðan annarra varða.

Í kennslustundum í lífsleikni fer fram fræðsla um heilbrigða lífshætti og almennt er unnið að því að efla félagsfærni, samskipti, ábyrgð nemenda og að þeir tileinki sér jákvæð lífsviðhorf. Í því sambandi er mikilvægt að starfsfólk skólans séu nemendum góðar fyrirmyndir.

Nemendur eru hvattir til hreyfingar og íþróttaiðkunar. Áhersla er á umhverfis- og útikennslu og eru m.a. íþróttir kenndar utandyra fram í miðjan október að hausti og frá miðjum apríl að vori. Í upphafi skólaárs fara allir árgangar/árgangateymi í styttri eða lengri gönguferðir sem taka mið af þroska og getu nemenda. Í samvinnu við félagsmiðstöð er farið með tvo elstu árganga skólans í tveggja daga göngu- og útivistarferð þar sem áherslan er á hópefli, samskipti og heilbrigða lífshætti. Auk þess skipuleggur íþróttakennari íþróttadag í lok skólaárs þar sem keppt er í hinum ýmsu greinum sem reyna á samvinnu, seiglu og úthald. Mikið er lagt upp úr þátttöku skólans í Skólahreysti ár hvert auk þess sem nemendur eru hvattir til að taka þátt í hinum ýmsu íþróttaviðburðum grunnskólanna.

Skólinn skipuleggur í samráði og samstarfi við utanaðkomandi aðila eins og lögreglu, hjúkrunarfræðing og fleiri sérfræðinga ýmiskonar forvarnarfræðslu s.s. umferðarfræðslu, kynfræðslu, vímuefnavarnir, tölvufíkn, samskipti, sjálfsstyrkingu og persónulega markmiðasetningu.

Foreldrafélag skólans býður upp á fræðslu fyrir foreldra í samstarfi við skólann og aðra aðila nærsamfélagsins. Skólinn styður auk þess forvarnarverkefni sem unnin eru að frumkvæði foreldra, s.s. fundi, fyrirlestra og ferðalög.

2.2 Skólahjúkrunarfræðingur

Skólahjúkrunarfræðingur á vegum Heilsugæslu Suðurlands kemur á hverju ári inn í alla bekki með mismundandi fræðslu sem tekur mið af aldri og þroska nemenda. Innan grunnskóla er

heilbrigðisfræðslan byggð á hugmyndafræði 6-h heilsunnar en það er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Embættis landlæknis. Fræðslan felur í sér eftirfarandi áherslur: Hollusta, hreyfing, hreinlæti, hamingja, hugrekki og kynheilbrigði. Sjá nánar <https://www.hsu.is/starfsstodvar-hsu-2/selfoss-2/heilsugaeslustodin-selfossi/skolaheilsugaesla/>

2.2 Uppeldi til ábyrgðar- uppbyggingarstefnan (UTÁ)

Í Flóaskóla er lögð sérstök áhersla á góð samskipti innan skólans og byggir uppeldisstefna skólans á hugmyndafræðinni um uppeldi til ábyrgðar. Uppbyggingarstefnan felur það meðal annars í sér að yta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglunga, auk þess að þjálfa þau í að ræða tilfinningar sínar og átta sig á eigin þörfum. Þá eru börnum og unglungum kenndar aðferðir við sjálfstjórn og sjálfsaga og hvernig má læra af eigin mistökum. Eitt af verkfærum uppbyggingarstefnunnar er bekkjarsáttmáli. Á hverju hausti vinna allir bekkir eða bekkjarhópar bekkjarsáttmála. Hópurinn velur fyrst í sameiningu fimm gildi til að hafa að leiðarljósi yfir veturinn. Unnið er markvisst með hvert gildi út veturinn. Í þessari vinnu er jafnframt farið yfir „mitt og þitt hlutverk“ sem hjálpar nemendum að hugsa um og greina hvert þeirra hlutverk er og hvert er hlutverk kennarans í bekkjarstofunni. Þá er einnig stuðst við önnur verkfæri sem koma úr gagnabanka UTÁ til að mynda svokallað sáttarborð. Sáttarborðið hjálpar nemendum að leysa úr ágreiningsmálum með aðstoð starfsmanns. Við sáttarborðið gilda vissar reglur þar sem allir fá að segja sína hlið á málinu. Að lokum er fundin lausn á málinu og skrifað undir friðaráætlun (Viðauki A).

2.3 Tengslakannanir og Skólapúlsinn

Þar sem sérstök áhersla er lögð á vellíðan nemenda og góð samskipti er mikilvægt að leggja fyrir nemendur kannanir til að meta árangur. Á hverju ári er fylgst með líðan og velferð nemenda meðal annars með því að leggja fyrir könnun á vegum Skólapúlsins fyrir nemendur í 6.-10. bekk. Þar eru nemendur meðal annars spurðir út í líðan og upplifun sína af samskiptum. Einnig eru lagðar fyrir tengslakannanir fyrir alla bekki einu sinni á önn og vinnur úr þeim í samvinnu við umsjónarkennara. Við skólann er starfrækt lausnateymi en í því sitja sérfræðingar innan skólans. Hlutverk lausnateymis er að meta/greina námslega, tilfinningalega og/eða félagslega stöðu nemenda, í samvinnu við umsjónarkennara, og finna viðeigandi úrræði varðandi kennslu, stuðning og ráðgjöf innan skólans. Ef þau úrræði eru ekki að virka eða þörf er á frekari ráðgjöf er málinu vísað til nemendaverndarráðs. Í nemendaverndarráði sitja á vegum skólans skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, verkefnastjóri UTÁ og náms- og starfsráðgjafi. Að auki

eiga þar sæti skólahjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu Suðurlands sem og sérfræðingar á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings .

2.4 Lífsleikni

Við Flóaskóla er einnig lögð sérstök áhersla á kennslu í lífsleikni. Umsjónarkennarar hafa til umráða svokallaða H-H-H tíma sem vísa til einkunnarorða skólans, hugur, hjarta, hönd. Þar gefst umsjónarkennara tími í margvíslega vinnu með nemendum eins og umræður um bekkjarbrag, vinnu með gildi bekkjarins, til að taka á málum sem upp koma í samskiptum sem og að opna á umræður um mikilvæg málefni. Nemendur í 1.-3. bekk með vinaverkefnið Blær og fléttast sú vinna inn í bekkjarsáttmála þeirra. Nemendur í 4-6. bekk fara í sérstaka lífsleikni tíma 40 mínútur í hverri viku þar sem unnið er með félagsfærni, tilfinningar og sjálfsþekkingu.

2.5 Velferðarteymi

Skólaárið 2020 – 2021 tók til starfa velferðarteymi við Flóaskóla. Hlutverk þess er að vinna að stefnumótun, skipulagi og framkvæmd í málefnum er varða velferð og líðan nemenda. Teymið fundar tvisvar í mánuði og fjallar um UTÁ, samskipti, forvarnir og skólabrag og aðgerðir tengt þeim þáttum.

3 Skólareglur

Skólareglur eru byggðar á gildandi grunnskólalögum (2008), aðalnámskrá grunnskóla (2011) og reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum (2011). Skólareglur (Viðauki B) eru í stöðugri endurskoðun og ber velferðarteymi ábyrgð á þeirri vinnu. Skólareglur eru endurskoðaðar í upphafi hvers skólaárs og lagðar fyrir nemendaráð og skólaráð til samþykktar. Skólareglur eru birtar í starfsáætlun skólans. *Umsjónarkennari upplýsir foreldra ef nemandi fylgir ekki skólareglum eins fljótt og auðið er.*

Skólareglur og viðbrögð við þeim eru sem hér segir:

Skólareglur

Ástundun náms

- Við berum ábyrgð á eigin námi
- Við sýnum vinnusemi og vinnufrið í kennslustund

Samskipti

- Við sýnum virðingu og umburðarlyndi.
- Við berum ábyrgð á hegðun okkar og framkomu.

Umgengni

- Við göngum vel um húsnæði, lóð og eigur skólans
- Við förum vel með námsgögn
- Við berum ábyrgð á persónulegum eigum okkar

Stundvísi

- Við mætum í kennslustundir á réttum tíma
- Við mætum í skólabíl á réttum tíma

Heilbrigðar lífsvenjur

- Við tileinkum okkur hollustu og heilbrigðar lífsvenjur
- Neysla gosdrykkja og sælgætis er alla jafna ekki leyfileg á skólatíma

Viðbrögð ef skólareglum er ekki fylgt

1. Fylgi nemandi ekki skólareglum þarf hann að eiga samtali við starfsmann skólans og koma með hugmynd að lausn um hvernig hann geti bætt sig
2. Neiti nemandinn samvinnu hefur umsjónakennari samband við foreldra og leitar frekari lausna
3. Komi ítrekað til þess að nemandi fylgi ekki skólareglum er málinu vísað til lausnateymis skólans sem fjallar um málið og finnur því réttan farveg

Við samþykkingum aldrei

- Ógnandi hegðun eða ofbeldi að nokkru tagi, skemmdarverk og þjófnað
- Neyslu orkudrykkja, tóbaks, veips, áfengis og/eða annarra vímuefna í skólanum

Viðbrögð:

1. Nemandi er tekinn úr aðstæðum
2. Umsjónarkennari og/eða skólastjórnendur hafa samband við foreldra/forsjáraðila og tilkynna atvik
3. Skólastjórnendur funda með nemanda og foreldrum/forsjáraðilum og vinna að lausn mála

Snjalltæki

Notkun snjalltækja í kennslustundum skal vera í samráði við kennara

4 Samskiptavandi

Í Flóaskóla er markvisst unnið að því að leysa samskiptavanda sem upp kemur á milli nemenda. Í þessum hluta verður fjallað um samskiptavanda. Fyrst verður samskiptavandi skilgreindur og síðan verður farið yfir hvaða verkferill fer af stað ef upp kemur samskiptavandi milli nemenda.

4.1 Skilgreining

Samskiptavandi er þegar börn lenda í árekstrum og/eða útistöðum við önnur börn, en slíkt gerist nánast daglega. Yfirleitt er um að ræða tvo jafningja sem deila og ekki um valdaójafnvægi að ræða (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017).

4.2 Verkferill

Þegar upp kemur ósætti á milli nemenda, eru þeir kallaðir saman við sáttarborðið til að finna sameiginlega lausn á vandanum. Skýrar reglur eru á sáttarborðinu þannig að allir fá tækifæri til að segja sína hlið á málinu en þurfa jafnframt að hlusta á aðra og þeirra sjónarhorn. Sé um samskiptavanda að ræða kallar verkefnastjóri UTÁ viðeigandi aðila saman við sáttarborð þar sem rætt er um samskiptavandann og fundin ásættanleg lausn á honum. Lausnin er rituð niður á friðaráætlun (Viðauki A). Verkefnastjóri fylgir málinu eftir með samtölum við nemendur í 3-5 skipti.

5 Einelti

Hér verður fjallað um einelti. Fyrst verður einelti skilgreint, þar á eftir verður tilgreint hvernig Flóaskóli vinnur að forvörnum gegn einelti, því næst hvernig er brugðist við þegar upp vaknar grunur um einelti og eins þegar einelti er staðfest. Að lokum er svo kynning á fagráði sem hægt er að fá aðstoð hjá þegar illa gengur að leysa eineltismál innan skóla.

5.1 Skilgreining

Einelti felur í sér neikvæðar athafnir sem sami einstaklingur verður endurtekið fyrir. Eineltið getur verið í formi líkamlegs ofbeldis eða munnlegra athugasemda. En það getur einnig birts með óbeinni hætti svo sem útilokun, höfnun og baktali. Þegar kemur að einelti er það endurtekningin sem að skiptir mestu máli og á stærstan þátt í alvarlegum afleiðingum eineltis. Aðrir þættir sem eru líka mikilvægir eru valdabarátta og valdaójafnvægi því oft leggja gerendur í einelti til að öðlast vald og viðhalda því (Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017).

Til þess að staðfesta einelti þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar.

- Það er til þess fallið að valda vanlíðan, sársauka eða ótta hjá þeim sem atferlið beinist að.
- Það er ekki einstaka atburður heldur síendurtekið mynstur yfir lengri tíma.
- Sá sem verður fyrir atferlinu á erfitt með að verjast (Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen, 2014).

Einelti fer oftast fram í hópi og er oft hóphegðun. Þó geta málin verið af þeim toga að um tvo einstaklinga sé um að ræða, þolanda og geranda (Elín Einarisdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson, 2001).

Ein gerð eineltis er neteinelti. Neteinelti á sér aðallega stað á samfélagsmiðlum en birtingarmyndir þess geta verið margskonar. Til dæmis særandi einkaskilaboð, niðrandi ummæli á samfélagsmiðlum, útskúfun, misnotkun á auðkennum, lygasögur og birtingar á vandræðalegu eða niðrandi myndum (Heimili og skóli, e.d.).

5.2 Forvarnir

Í Flóaskóla er unnið markvisst að forvörnum gegn einelti. Á hverju hausti er farið inn í allar bekkjardeildir og skólareglur kynntar. Þannig eru lagðar skýrar línur fyrir nemendum að einelti og annað ofbeldi verði aldrei liðið í skólanum. Á hverju hausti býr hver bekkur til bekkjarsáttmála og velur sér um fimm gildi til að hafa að leiðarljósi yfir veturinn og vinna markvisst með. Þá eru lagðar fyrir tengslakannanir í öllum bekkjum tvisvar sinnum á ári.

Jafnframt er nemendakönnunin Skólapúlsinn lögð fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk árlega. Þá er markviss lífsleiknikennsla í skólanum eins og kynnt var hér að ofan. Þar er unnið með þætti líkt og félagsfærni, samskipta- og vináttuþjálfun, bæði innan bekkjarhópa en einnig í einstaklingsþjálfun hjá þeim nemendum sem það þurfa. Unnið er með margskonar námsefni í þessu samhengi s.s. klípusögur, myndefni, hlutverkaleiki og annað sérútbúið eða útgefið kennsluefni.

5.3 Verkferill

Ef upp kemur eineltismál til samskiptateymis á þar til gerðu eyðublaði (Viðauki C) kallar skólastjóri saman samskiptateymi, sem er skipað af skólastjóra, verkefnastjóra UTÁ og þeim umsjónarkennurum sem koma að málinu hverju sinni. Samskiptateymið metur út frá þar til gerðum gátlista (sjá viðauki D) hvort um samskiptavanda eða einelti sé að ræða. Sé um staðfest einelti að ræða fer í gang vinnuferli um einelti (Viðauki E). Það ferli felur í sér að unnið er með þolanda meðal annars með sjálfstyrkingu, vináttuþjálfun og félagsfærni. Einnig er unnið með geranda. Honum er komið í skilning um að einelti verði aldrei liðið í Flóaskóla og reynt að fá hann til að setja sig í spor þolanda og sýna honum samkennd. Þá er unnin áætlun með geranda um hvernig hann hyggst breyta hegðun sinni og framkomu. Foreldrar/forsjáaðilar allra aðila eru upplýstir um málið. Í vinnslu er jafnframt kennsluefni þar sem áætlunin er að vinna markvisst með þá hópa þar sem upp hefur komið einelti. Þessi kennsla mun fela í sér vinnu með bekkjarhópa, bæði þolanda og geranda meðal annars með fræðslu um einelti og afleiðingar þess, með vinnu sem inniheldur samvinnu, félagsfærni, leiðtoga og vináttuþjálfun. Þá er haldin fundur með foreldrum/forsjáraðilum allra í bekkjarhópi/um geranda og þolanda. Málinu er fylgt eftir í þrjá mánuði meðal annars með aukinni gæslu og eftirfylgni í samskiptum aðila í málinu svo sem í matsal, frímínútum, sundi og íþróttum. Ef einelti hættir ekki eftir þessa vinnu er málið sent áfram til nemendaverndarráðs til frekari umfjöllunar og/eða fengin aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga.

5.4 Fagráð eineltismála í grunn- og framhaldsskólum

Foreldrar/forsjáraðilar og/eða skólar geta óskað eftir aðstoð sérstaks fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum sem starfrækt er á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis ef ekki tekst að finna viðunandi lausn innan skóla eða sveitarfélags, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og aðkomu sérfræðipjónustu. Ráðuneytið gefur út verklagsreglur um vísun mála til fagráðsins, málsmeðferð og eftirfylgni að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Elín Einarsdóttir og Guðmundur Ingi Leifsson. (2001). *Saman í sátt: Leiðir til að fást við einelti og samskiptavanda í skólum*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Guðrún Kristinsdóttir og Nanna Kristín Christiansen. (2014). *Ofbeldi gegn börnum, hlutverk skóla; Handbók fyrir starfsfólk*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Heimili og skóli. (e.d.) *Neteinelti*. Sótt af <https://www.heimiliogskoli.is/fraedsla/einelti/>

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 5/2011.

Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. (2017). *Handbók um einelti og vináttufærni: Forvarnir og viðbrögð*. Reykjavík: Heimili og skóli.

8 Viðaukar

Viðauki A- Friðaráætlun



Uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsgæta

Friðaráætlun

Dagsetning: _____

HUGMYNDIR AÐ LAUSN.

Tala tíra í tíra

Sýna betri begömun

Vera virgjanlegri

Ganga betur um

Þjófari-afskurðar

Tala við fullorðna

Hvað gerðist ?

Hugmyndir að lausn?

Lausnin okkar .

Undirskriftir

Kennari

Vottur (fullorðinn)

Skólareglur

Ástundun náms

- Við berum ábyrgð á eigin námi
- Við sýnum vinnusemi og vinnufrið í kennslustund

Samskipti

- Við sýnum virðingu og umburðarlyndi.
- Við berum ábyrgð á hegðun okkar og framkomu.

Umgengni

- Við göngum vel um húsnæði, lóð og eigur skólans
- Við förum vel með námsgögn
- Við berum ábyrgð á persónulegum eigum okkar

Stundvísi

- Við mætum í kennslustundir á réttum tíma
- Við mætum í skólabíl á réttum tíma

Heilbrigðar lífsvenjur

- Við tileinkum okkur hollustu og heilbrigðar lífsvenjur
- Neysla gosdrykkja og sælgætis er alla jafna ekki leyfileg á skólatíma

Viðbrögð ef skólareglum er ekki fylgt

1. Fylgi nemandi ekki skólareglum þarf hann að eiga samtali við starfsmann skólans og koma með hugmynd að lausn um hvernig hann geti bætt sig
2. Neiti nemandinn samvinnu hefur umsjónakennari samband við foreldra og leitar frekari lausna
3. Komi ítrekað til þess að nemandi fylgi ekki skólareglum er málinu vísað til lausnateymis skólans sem fjallar um málið og finnur því réttan farveg

Við samþykkjum aldrei

- Ógnandi hegðun eða ofbeldi að nokkru tagi, skemmdarverk og þjófnað
- Neyslu orkudrykkja, tóbaks, veips, áfengis og/eða annarra vímuefna í skólanum

Viðbrögð:

1. Nemandi er tekinn úr aðstæðum
2. Umsjónarkennari og/eða skólastjórnendur hafa samband við foreldra/forsjáraðila og tilkynna atvik
3. Skólastjórnendur funda með nemanda og foreldrum/forsjáraðilum og vinna að lausn mála

Snjalltæki

Notkun snjalltækja í kennslustundum skal vera í samráði við kennara

Viðauki C

Tilkynningarblað vegna gruns um samskiptavanda/einelti

Dags: _____

Nafn þolanda: _____ **bekkur:** _____

**Nafn/nöfn
geranda** _____

_____ **bekkur/ir** _____

Tilkynnandi: Kennari/ starfsmaður/ foreldri/forráðamaður/ nemandi

Nafn: _____

Hvernig lýsa samskiptin sér?

Hversu lengi/oft eiga þessi samskipti sér stað?

Móttakið _____

Mikilvægt er að hefja vinnu á máli um leið og tilkynning berst.

Viðauki D

Gátlisti er um samskiptavanda eða einelti að ræða

- Tveir jafningjar deila, ólíkar skoðanir
- Ofbeldi hefur ekki átt sér stað, hvorki líkamlegt né andlegt
- Vandinn er nýbyrjaður og deilur hafa orðið í 1-2 skipti

Sé hakað ofangreinda kassa er um samskiptavanda að ræða. Aðilar að máli koma saman við sáttarborð og finna lausn máli. Eftirfylgni með máli í 2-3 skipti

- Valdaójafnvægi er á milli aðila í máli
- Ofbeldi hefur átt sér stað, líkamlegt, andlegt eða hvorutveggja
- Vandinn hefur verið til staðar í þó nokkurn tíma (endurtekning á sér stað)
- Vandinn birtist á netmiðlum, sem niðrandi, særandi síendurtekin ummæli

Sé hakað í ofangreinda kassa er um staðfest einelti að ræða. Fylgt er verklagi um staðfest einelti.



Viðbrögð við samskiptavanda og/eða einelti

